



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/1134
komudagur 30.3.2005

Reykjavík, 23. mars 2004.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Efni: **Umsögn um þingsályktunartillögu um rannsóknir á þunglyndi á meðal eldri borgara**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um þunglyndi á meðal eldri borgara, 71. mál á 131. löggjafarþingi. Öryrkjabandalag Íslands tekur undir efni tillögunnar. Bandalagið telur brýnt að slík rannsókn beinist einnig að þunglyndi á meðal fatlaðra og aðstandenda þeirra. Því er lagt til að tillagan hljóði svo:

Tillaga til þingsályktunar

um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, fatlaðra og aðstandenda þeirra.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímansdóttir, Jón Gunnarsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller,
Katrín Júlíusdóttir og Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem rannsaki þunglyndi meðal eldri borgara, fatlaðra og aðstandenda þeirra og meti umfang þess. Nefndin kanni sérstaklega tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna hjá eldri borgurum, fötluðum og aðstandendum þeirra. Nefndin kanni einnig hvaða leiðir séu heppilegar til að koma í veg fyrir þunglyndi á meðal áður greindra hópa.

Nefndin verði skipuð tíu einstaklingum. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Félag hjúkrunarfræðinga, Öldrunarfræðafélag Íslands, Öldrunarráð Íslands, Félag íslenskra öldrunarlækna, Öryrkjabandalag Íslands, Geðhjálp og Landssamband eldri borgara tilnefni einn fulltrúa hver. Nefndin skili niðurstöðum fyrir 1. desember 2006.

Öryrkjabandalag Íslands leggur áherslu á að vel verði vandað til verka og að nefndinni gefist nægur tími til starfa. Þá er með breytingartillögu bandalagsins leitast við að ná utan um umfang hins mikla vanda sem þunglyndi er og ástæður þess á meðal fleiri hópa en eldri borgara.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands,

Arnbór Helgason

Arnbór Helgason, framkvæmdastjóri